

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

11. tbl. • Nóvember 2003

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein

Ekki oliugjald ofan á kílómetragjald

bls. 2

Iðnskólafélagið

Fjölbreytt starf

bls. 3

Heimsókn til Alcoa í Kanada

bls. 4

Oddi 60 ára

Djörfung og dugur

bls. 6 - 7



Nýtt fréttablað þjónustugreina SI fylgirit Íslensks iðnaðar

Tíu tískudagar iðnaðarins voru haldnir um land allt í byrjun þessa mánaðar. Að þeim stóðu í sameiningu sjö aðildarfélag og Samtök iðnaðarins undir hatti starfsgreinahóps SI í þjónustu-iðnaði.

Tískudagar iðnaðarins voru viðamiklir markaðsátak og hið stærsta á vegum þjónustuiðnaðarins í allmörg ár. Nú kemur einnig út fyrsta tölublað nýs fréttablaðs þjónustuiðnaðarins. Meginefni þess er menntamál þjónustuiðnaðar, gæðastjórnun í félögum og auðvitað Tískudagarnir.

Iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, studdi Tískudaga iðnaðarins dyggilega

Ekki olúgjald ofan á kílómetragjald

Árum saman hefur verið um það rätt hvort samræma eigi gjaldtöku af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum þannig að skattheimta af dísilbifreiðum verði færð frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald á eldsneyti líkt og tíðkast í flestum nágrannalöndum í Evrópu.

Ekki tvöfalt kerfi

Samtök iðnaðarins hafa verið hlynnt slíkri breytingu en á síðustu missirum hafa forsendur breyst verulega með hækku á olíuverði á heimsmarkaði og bættu eftirliti með innheimtu þungaskatts. Úrslitum ræður þó að Samtök iðnaðarins eru algerlega andvíg því að taka upp það tvöfalda kerfi olúgjalds og þungaskatts sem kynnt var í formi frumvarps sl. haust en hlaut þá ekki afgreiðslu. Enn á ný eru þessar hugmyndir komnar á kreik í frumvarpi því sem hefur verið kynnt í þingflokkum ríkisstjórnarinnar. Innan vébanda Samtaka iðnaðarins er fjöldi verktaða, flutningsaðila og framleiðenda sem reka hundruð bifreiða sem falla undir gildissvið umræddra laga. Er skemmst frá því að segja að einhugur er meðal þeirra um það að frumvarpið í núverandi mynd sé algerlega ótækt.

Ekki stórauðna skattheimtu

Ástæðan fyrir þessari eindregnu and-

stöðu er einföld. Með frumvarpinu er alls ekki horfið frá gjaldtöku á ekna kílómetra um leið og tekið er upp gjald á hvern lítra gas- og dísilolíu. Þvert á móti er ætlunin að halda áfram verulegri gjaldtöku á allar bifreiðar (æki) með leyfilega heildarþyngd yfir 10 tonn, þó að undanskildum bifreiðum til fólksflutninga. Ítarlegir útreikningar sýna að hér er í langflestum tilvikum um að ræða verulega aukna skattheimtu af flestum öllum bifreiðum yfir þessum mörkum. Algeng niðurstaða úr útreikningum á skattlagningu fyrir og eftir þessa breytingu er hækku á bilinu 30-40% en dæmi eru til um mun meiri hækku. Örfá dæmi eru um óbreytta eða nærri óbreytta skattlagningu léttari bifreiða og langflutningabifreiða sem ekið er margfalt meira en almennt þekktist. Á heildina litið er um verulega aukna skattheimtu að ræða og þeim mun meiri sem leyfð heildarþyngd ækis er yfir 10 tonna markinu.



Ekki byrja á 8% hækku þungaskatts

Að mati Samtaka iðnaðarins er óviðunandi að viðhalda tvöföldu skattkerfi á þessa tegund bifreiða og hækka gjaldtökuna um leið umtalsvert enda er þessi gjaldtaka nú þegar komin út yfir öll velsæmismörk og mun meiri en dæmi eru um annars staðar í Evrópu. Ekki verður þó séð að fjármálaráðherra telji að hér þurfi að slaka á klónni því að strax í þingbyrjun í haust var lagt fram frumvarp um 8% hækku þungaskatts, svona rétt til þess að hita upp fyrir stóru skattahækku sem felst í upptöku tvöfalda kerfisins. Rökin fyrir þessari hækku voru einföld en ekki að sama skapi ásættanleg. Það er sem sé skoðun ráðherrans að það sé svo langt síðan skatturinn hækkaði síðast að nú megi það ekki dragast lengur.

Ekki mismuna eftir því hvað flutt er

Erfitt er að skilja þau rök frumvarpshöfunda að áframhaldandi gjaldtaka af þyngri bifreiðum í formi kílómetragjalds taki mið af þeim kostnaði sem hlýst af sliti þeirra á vegakerfinu en síðan segir í greinargerð að ástæða þess að kílómetragjaldið leggst ekki á bifreiðar til fólksflutninga sé sú að þeir eru undanþegnir virðisaukaskatti! Ef kílómetragjald á að endurspegla kostnað

vegna slits á vegakerfinu getur gjaldtakan ekki verið háð því hvort viðkomandi bifreið er notuð til að flytja fólk eða vörur, né heldur því hvort umræddur atvinnurekstur er virðisaukaskattskyldur eða ekki. Við þessa mismunun bætist svo að gert er ráð fyrir að endurgreiða 70% af olúgjaldi til sérleyfishafa og þeirra sem reka almenningsvagna. Eins og fram kemur í greinargerð hafa þessir aðilar notið sambærilegs afsláttar í núverandi þungaskattkerfi. Það eru einu rökin fyrir því að viðhalda þessari fátálegu mismunun. Hún er orðin hefðbundin.

Ekki mismuna eftir því hvernig flutt er

Í frumvarpinu er ráðgert að refsa sérstaklega fyrir að nota dráttarvagna. Í núverandi þungaskattkerfi er greiddur þungaskattur (kílómetragjald) af bifreið og vagni eftir þyngd. Nú á að bæta um betur og innheimta olúgjald af bifreiðinni og þungaskatt (kílómetragjald) að auki en til viðbótar skal greiða tvöfaldan þungaskatt (kílómetragjald) af vagninum.

Hugvitsemin, sem birtist í þessu frumvarpi, er takmarkalaus.

Ekki olúgjald á vinnuvélar á hjólum

Þegar upptaka olúgjalds hefur verið til umræðu á undanförunum árum hafa Samtök iðnaðarins ávallt bent á það að taka þyrfti sérstakt tillit til bifreiða sem vinna mikið í kyrrstöðu svo sem krana-, körfu- og dælubifreiðar. Sama á við um söfnunarbíla fyrir sorp- og steypubifreiðar. Á sínum tíma var um það samkomulag að kæmi til upptöku olúgjalds í stað þungaskatts myndu eigendur slíkra bifreiða hafa um það val að þær yrðu flokkaðar sem vinnuvélar og mættu þá nota gjaldfrjálsa (litaða) olíu en greiddu eftir sem áður þungaskatt miðað við ekna kílómetra. Engin merki er að finna í frumvarpinu um að taka eigi sérstaklega á gjaldtöku af þessum bifreiðum.

Ekki samþykkja þetta frumvarp

Niðurstaðan er þessi. Þetta frumvarp er afleitt. Það eykur og flækir skattheimtu, hækkar flutningskostnað og viðheldur gamaldags mismunun milli flutningsaðila. Þetta frumvarp er beinlínis ótækt og má ekki verða að lögum.

Sveinn Hannesson

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
11. tbl. Nóvember 2003
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 20.11.2003
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Guðjón Hafliðason, Vígfús Birgisson

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Fjölbreytt starf Iðnskólafélagsins

Á aðalfundi Iðnskólafélagsins í október var lögð fram Skýrsla stjórnar 2001-2003. Þar kom m.a. fram að unnið hefur verið ötullega í anda stefnumörkunar félagsins. Meðal verkefna eru veitingar námsstyrkja til kennara og gagnkvæm kynning Iðnskólans og fyrirtækja.



Í máli formanns Iðnskólafélagsins, Arnar Guðmundssonar, kom fram að iðnskólakennarar hefðu að undanfögnu heimsótt ein 50 fyrirtæki til þess að kynna sér þarfir þeirra fyrir þjónustu Iðnskólans. Framundan væru heimsóknir fulltrúa fyrirtækja í Iðnskólann í Reykjavík.

Formaður nefndi að Iðnskólafélagið hefði beitt sér fyrir kynningu á iðnnámi og mikilvægi þess í nútímasamfélagi. Félagið hefði m.a. ritað menntamálaráðherra og iðnaðar- ráðherra bréf þar sem segir að þeim miklu framkvæmdum sem nú standa yfir fylgi „kröfur um að verk- og tæknistigi þjóðarinnar verði til frambúðar lyft á hærra



stig.” Formaður nefndi að í kjölfar umræðu Iðnskólafélagsins hefðu Samtök iðnaðarins og Iðnmennt gefið út upplýsingabækling um iðnnám sem sendur hefði verið öllum 10. bekkjar nemum.

Nánari upplýsingar um störf Iðnskólafélagsins má finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins, www.si.is undir þessum fyrirsögnum:

Skýrsla stjórnar 2001-2003, Framkvæmda- og fjárhagsáætlun 2003-2004.

Ingi Bogi Bogason

Vinnustaðakennsla í þróun

Á opnum félagsfundi Iðnskólafélagsins í október var fjallað um vinnustaðakennslu. Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina er um þessar mundir að skipuleggja framtíðarfyrirkomulag vinnustaðakennslu. Áhersla var lögð á gott samstarf um þetta mikilvæga mál-efni.

Þrír framsögumenn fjölluðu um hugmyndir um vinnustaðanám í bygginga- og mannvirkjagreinum.

Þjónusta aukin

Kristján Karlsson, framkvæmdastjóri Menntafélags byggingariðnaðarins, lýsti því að markmið með nýju fyrirkomulagi vinnustaðanáms væri að auka þjónustu við nemandann. Námið, bæði í skóla og á vinnustað, væri nú skipulagt sem ein heild. Þetta kallaði á virkari samskipti skóla og vinnustaðar. Spurt er: Hver á að halda utan um námsferil iðnnemans? Tillögur starfsgreinaráðsins gerðu ráð fyrir að skólinn héldi um allan námsferil nemans, ekki aðeins skóla- hlutann.

Vinnuferilbók nauðsynleg

Árni Ingi Stefánsson, starfsmanna- stjóri ÍAV, fagnaði tillögum um vinnuferilbók. Sum fyrirtæki sérhæfðu sig í tilteknum verkum. Þess vegna væri mikilvægt að tryggja nemanum kennslu og þjálfun í mismunandi þáttum, jafnvel þannig að hann þurfi að fara á milli fyrirtækja. Vinnuferilbók væri því nauðsynleg í þessu samhengi.

Eiga skólarnir að hafa yfirumsjón með námsferli?

Þórarinn Eggertsson, kennari við Iðnskólann, taldi að í árána rás hefði skort á að nám iðnnema hefði verið skipulagt sem ein heild. Hann taldi að ábyrgð skóla og fyrirtækja á því að skila nemanum heildstæðu námi væri ekki ljós. Þórarinn taldi best að leysa þennan vanda með því að fela skólun- um yfirumsjón með námsferli nema.

Ingi Bogi Bogason

Heimsókn til Alcoa í Kanada

Samtök iðnaðarins gengust á haustdögum fyrir ferð tuttugu manna hóps til að heimsækja eitt af álverum Alcoa í Kanada, nánar tiltekið álverið Deschambaults í nágrenni Quebec-borgar, sem tekið var í notkun árið 1991. Í ferðinni voru menn frá verk-taka-, málmíðnaðar- og tölvufyrir-tækjum innan SI, frá verkfræðistofum og fleiri aðilum sem láta sig væntan-legar stóriðjuframkvæmdir, sem fram-undan eru hér á landi, einhverju varða.

Eins og kunnugt er mun Alcoa byggja álver við Reyðarfjörð og mönnum lék því forvitni á að kynnast fyrirtækinu betur, sjá með eigin augum hvernig nýtt álver á þess vegum lítur út og hvernig starfshættir tíðkast þar innan veggja. Ekki var síður áhugi á að kynnast samstarfi þess við birgja, viðgerðar- og viðhaldsfyrirtæki og aðra þá sem leitað er til um hvers konar þjónustu.

Skemmst er frá að segja að móttökur voru allar mjög góðar og mikill áhugi á að fræða um hvaðeina sem ferðalangarnir vildu vita um. Nokkrir fulltrúar þjónustu-fyrirtækja héldu fróðleg yfirlitserindi um hvernig samskiptum þeirra við álverið væri háttað, í hverju þjónusta þeirra væri fólgin og hvaða kröfur þeir þyrftu að uppfylla til

að koma til greina að fá að þjóna álverinu. Fram kom að 85% af viðhaldi verksmiðjunnar er fyrirbyggjandi að því marki að því er stýrt út frá mati á ástandi hluta þar sem búnaði er skipt út þegar hann er að gefa sig eða er ónýtur.

Mikið boðið út

Álverið í Deschambaults býður út fjölmarga þætti rekstursins. Má þar nefna stærri viðgerðarverkefni, mótuneyti, öryggiskerfi, þríf, viðgerðir á farartækjum, snjómokstur og garðyrkju, tölvuleigu, viðgerðir á hurðum, endurnýjun kera, rekstur loftæstikerfa verksmiðjunnar, föt og hlífðarfatnað svo að nokkuð sé nefnt. Venjulega eru gerðir samningar um slík útboð í þrjú til fjögur ár og þá er boðið út að nýju. Tekið var fram að ekkert hefði verið ákveðið um það hvað mikið af þessum verkum verður boðið út þegar rekstur við álverið á Reyðarfirði hefst. Þar yrði að meta stöðuna þegar þar að kæmi. Eitt væri þó víst: Leitað yrði allra leiða til að sá þáttur rekstursins verði álverinu hagkvæmur.

Umgengni til fyrirmyndar

Ekki er ofmælt að umgengni öll í þessu álveri Alcoa er til mikillar fyrirmyndar. Öll aðstaða starfsmanna er mjög góð, öryggis-kröfur svo strangar að sumum þótti nóg

um og starfsandi léttur og óþvingaður. Fram kom að iðnaðarmenn, sem starfa í verinu, geta gengið í öll verk, hvort sem þau tilheyra þessu fagi eða hinu. Menntun þeirra er miðuð við að hver og einn búi yfir alhliða þekkingu og færni til að leysa þau vandamál sem þarna koma upp. Samstarf fyrirtækisins við stóran iðnskóla í nágrenninu er mjög náð og þangað sækja iðnaðarmenn menntun sína og nýliðar þjálfun eftir sérstöku samkomulagi milli álversins og skólans.

Öryggi starfsmanna ofar öllu

Hópnum gafst tækifæri til að fræðast og ræða við talsmenn fyrirtækisins Bechtel, sem verður aðalverktaki við byggingu álversins á Reyðarfirði. Eins og álversmennirnir sjálfir lögðu þeir höfuðáherslu á að öll fyrirtæki sem tækju þátt í uppbyggingunni á Reyðarfirði yrðu að uppfylla mjög strangar kröfur varðandi öryggi starfsmanna. Fyrirtækið myndi ekki líða nein frávik frá ströngum kröfum í þeim efnum enda væri takmarkið að enginn starfsmaður slasaðist við þessar miklu framkvæmdir.

Þá yrði mikil áhersla lögð á að undirverktakar uppfylltu tilteknar gæðakröfur sem væru raunar orðnar sjálfsgæður hlutur við slíkar framkvæmdir.

Ingólfur Sverrisson



Fríður hópur ferðalanga á slóðum Vestur-Íslendinga



Samtök iðnaðarins

Nýir félagsmenn SI

H.H. gólf ehf.
Kambsvégi 33
104 Reykjavík
Starfsemi: Dúklagnair og flotlagnir

Hjalti Guðmundsson ehf.
Iðavöllum 1
230 Keflavík
Starfsemi: Byggingaverktaka

Kópanes ehf.
Borgartúni 29
105 Reykjavík
Starfsemi: Framleiðsla og sala gluggatjalda

Lyfjapróun hf.
Vatnagörðum 16 – 18
104 Reykjavík
Starfsemi: Rannsóknir og þróun á lyfjaformum og aðferðum við lyfjagjöf

MarOrka ehf.
Borgartúni 18
105 Reykjavík -
Starfsemi: Upplýsingatækni

Múlalundur
Hátúni 10c
105 Reykjavík
Starfsemi: Plastiðnaður

Norðurtak ehf.
Dalatúni 14
550 Sauðárkróki
Starfsemi: Gerð grjótgærða og vega

Ýting ehf.
Einbúabla 2
700 Egilsstöðum
Starfsemi: Jarðvinnuverktaka

Tölvusmiðjan ehf.
Nesgtöu 7
740 Neskaupstað
Starfsemi: Upplýsingatækni

Innra starf SI kynnt

Ráðgjafaráð, stjórn Samtaka iðnaðarins og stjórnir allra aðildarféлага, komu saman til haustfundar 30. október.

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri SI, kynnti starfsmenn, skipulag og starfsemi SI sem er mjög umfangsmikil og fjölbreytt. Umræður urðu nokkrar í kjölfarið, spurst var fyrir um ýmis atriði, flestu hrósað en annað gagnrýnt. Lagður var fram nýr kynningarbæklingur um SI sem hægt er að nálgast á skrifstofu þeirra að Borgartúni 35.



Auglýst eftir umsóknum um styrki úr matvælaáætlun Evrópusambandsins

Evrópusambandið auglýsti eftir umsóknum um rannsóknastyrki úr matvælaáætlun sinni 5. nóvember síðastliðinn.

Yfirskrift áætlunarinnar er „Gæði og öryggi matvæla“ (Food Quality and Safety) og meginmarkmið hennar er að bæta heilsu Evrópubúa. Markmiðinu á að ná með því að bæta gæði matvæla og ná betri stjórn á matvælaframleiðslunni og umhverfisþáttum sem hafa áhrif á hana. Við upphaf 6. rannsóknáætlunarinnar fyrir ári, var settur rammi um þau svið sem styrkt verða en í hvert sinn sem auglýst er eftir umsóknum (þ.e.a.s. árlega) er útfært nánar hvers konar verkefnum óskað er eftir og ítarlegri lýsing á undirsviðum. Umsóknarfrestur rennur út 5. febrúar 2004. Allar nánari upplýsingar er að finna á slóðinni: www.cordis.lu/food/home.html.

Niðurstöður úr umsóknaferli þessa árs liggja fyrir

Stefna Evrópusambandsins er að styrkja mun stærri verkefni en í fyrri áætlunum og að sama skapi færri. Mjög margar umsóknir bárust og einungis næst að styrkja lítinn hluta þeirra. Íslendingar geta nokkuð vel við unað því að eitt af 12 stærstu verkefnum sem hljóta styrk í matvælaáætluninni er með öflugri íslenskri þátttöku sem skilar um 80 milljónum króna til landsins á næstu þremur árum. Íslenskir

þátttakendur eru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofa HÍ í næringarfræði. Auk þess taka Samtök iðnaðarins þátt í litlu verkefni, ásamt þátttakendum frá fjölda annarra landa. Verkefnið miðar að því að auka rannsóknatengsl milli landanna, sérstaklega að auka þekkingu á matvælasviði í ríkjum Austur-Evrópu.

Það sem mest stingur í augun varðandi niðurstöður fyrsta ársins er lítil þátttaka iðnaðar og á það bæði við um stór fyrirtæki en ekki síður lítil og meðalstór. Þátttakan er býsna langt frá því markmiði að 15% af fjármunum áætlunarinnar fari til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Við þessu ætla framkvæmdastjórnin að bregðast með því að reyna að leggja áherslu á svið og viðfangsefni sem höfða meira til fyrirtækja og gera þátttöku fyrir þau aðgengilegri. Það er því alveg ljóst að þátttaka fyrirtækja í rannsóknaverkefnum verður litin mjög jákvæðum augum í Brussel. Þetta á jafnt við um fyrirtæki í matvælaframleiðslu og fyrirtæki sem tengjast matvælaíðnaði svo sem framleiðendur tækja og búnaðar. Fyrirtæki, sem hafa hug á að taka þátt í Evrópurannsóknnum, eru því eindregið hvött til að setja sig í samband við rannsóknastofnanir á sínu sviði og kanna möguleika á samstarfi.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Djörfung og dugur í 60 ár

Prentsmiðjan Oddi, sem um árabíl hefur verið öflugasta prentfyrirtækið hér á landi, fagnaði 60 ára afmæli sínu í síðasta mánuði en það var stofnað 9. október árið 1943. Frá upphafi hafa stjórnendur Odda fylgst náið með tækniþróuninni og jafnan fest fé í nýjustu tækni sem völ hefur verið á hverjum tíma í prenti. Oddi rekur nú stærstu og tæknivæddustu prentsmiðju landsins og starfsmenn fyrirtækisins hér á landi eru 230 talsins. Framkvæmdastjóri Odda er Þorgeir Baldursson.

Oddi hóf starfsemi sína í Ásmundarsal við Freyjugötu þar sem starfsmenn fylltu aðeins hálfan tug til að byrja með. Nú hefur prentsmiðjan og höfuðstöðvar Odda verið til húsa að Höfðabakka 7 í rúm 20 ár. Oddi varð m.a. fyrstur til að hefja prentun og framleiðslu tölvupappírs hér á landi og flutti einnig til landsins fyrstu fjörlita prentvélinna svo að nokkuð sé nefnt.



dótturfyrirtæki, annað í Bandaríkjunum og hitt í Póllandi. Þorgeir Baldursson segir að Oddi hafi þreifað fyrir sér á ýmsum mörkuðum. Fyrirtækið stofnaði söluskrifstofu í New York árið 1989 en sú starfsemi hefur verið fyrirtækinu mjög mikilvæg. Veltan í Bandaríkjunum nemur nú 6-7% af heildarveltu fyrirtækisins.

Oddi hamrar járníð í Bandaríkjunum

„Markaðsvinna í Bandaríkjunum er mjög dýr og erfið og fyrirtækið hefur áunnið sér nafn þar“ segir Þorgeir. „Þar er Oddi þekktur fyrir vandaða prentun og hefur m.a. prentað efni fyrir listamanninn Matthew Barney og galleri og söfn eins og Museum of Fine Art í Chicago, Guggenheim í New York og Smithsonian Institute í Washington. Oddi veðjaði á rithöfundinn og útgefandann Dave Eggers sem vakið hefur mikla athygli. Bækur hans hafa náð mikilli athygli yngra fólks í Bandaríkjunum en jafnframt gefur hann út eitt athyglisverðasta bókmenntatímaritið þar. Nú stendur yfir sýning í National Design Museum í New York þar sem m.a. er að

finna glæsileg verk eftir Eggers sem öll hafa verið prentuð í rentsmiðjunni Odda.“ Þorgeir segir að starfsemin í Bandaríkjunum hafi staðið undir væntingum og þar hamri

Oddi nú járníð meðan það er heitt. „Það kemur viðskiptavinum Odda í Bandaríkjunum á óvart að fyrirtækið skuli vera samkeppnisfært í verði, gæðum og afgreiðslutíma. Sérsvið okkar, og það sem við þekkjum best, er gæði og litil upplög á mælikvarða Bandaríkjanna. Við reynum ekki að keppa um milljónaupplögin. Oddi stefnir að því að efla söluna þar enn frekar.“

Vaxandi starfsemi Odda á meginlandi Evrópu

Eftir að prentfrelsi komst á í Póllandi skapaðist þar mikil eftirspurn eftir prentuðu efni, sem Oddi sá mikla möguleika í. Í stað þess að reyna að framleiða hér heima og flytja til Póllands stofnsetti Oddi prentsmiðju í Póllandi og hóf þar starfsemi árið 1995. Í athugun er að færa þar út kvíarnar en einnig er horft til annarra Evrópulanda með framleiðslu í huga. „Pólland er 40 milljóna manna markaður og gefur allt aðra möguleika en 300 þúsund manna markaður eins og hér,“ segir Þorgeir. „Í Póllandi erum við í miðri Evrópu og stutt í allar áttir. Þar er hugsunin allt önnur en hér heima. Oddi hefur hug á að nýta þekkingu sína á vaxandi mörkuðum en Rússland og Eystrasaltslönd hafa verið skoðuð í því sambandi. Þar skipta máli nálægðin við markaði og lágur launakostnaður. Oddi flytur út þekkingu og nýtir hana á nýjum, stórum mörkuðum.“

Offjórfering og offramboð

„Á sama tíma og við blasa tækifæri til nær takmarkalausrar útrásar stendur heimamarkaðurinn í jánnum. Of mikið hefur verið fjórferst í prentiðnaðinum og offramboð er af prentframleiðslu á markaðnum. Vélarnar verða æ afkastameiri og þurfa færri fólk jafnvel þótt framleiðslan aukist en þær eru vinnusparandi fjórfersting og auka hraða í vinnslu, sem allt snýst um í dag. Vandinn er hins vegar sá að við getum ekki nýtt vélarnar á þessum litla markaði eins mikið og menn gera erlendis. Okkur vantar fleiri verkefni til að nýta þær til hins ýtrasta. Heimamarkaðurinn er bara ekki stærri en raun ber vitni.“



Öflug fyrirtækjakeðja heima og heiman

Oddi tengist nú stærstu fyrirtækjakeðju í prentiðnaði hér á landi, s.s. Gutenberg ehf., Offset, Kassagerðinni hf. og Miðaprentun. Starfsemi Odda nær auk þess langt út fyrir landsteinana því að það á tvö



Þorgeir telur miklu skipta að samkeppnisskilyrðin séu sambærileg því sem þekktist í öðrum löndum. Oddi kaupir t.d. aðföng í evrum en selur fyrir dollara á Bandaríkjamarkaði. Það hefur ekki reynst hagkvæmt. „Vextir hafa verið of háir og gengisþróunin verið mörgum fyrirtækjum óhagstæð,” segir Þorgeir. „Það var þungbært að reka fyrirtæki þegar vextir voru úr öllu eðlilegu samhengi við það sem tíðkaðist í samkeppnislöndum okkar.” Þorgeir leggur áherslu á að fyrirtækjum sé gert kleift að keppa á jafnréttisgrundvelli en forsendan fyrir því sé að vextir verði hér sambærilegir við það sem er í öðrum löndum. „Það sem kemur sér verst fyrir atvinnulífið er óhagstæð vaxta- og gengisþróun.”

Keppt á samkeppnisgrundvelli

Þorgeir segir að gengið hafi á ýmsu í bókaútgáfunni hér á landi undanfarin ár. Útgáfufyrirtæki voru of mörg og of lítil. Þrátt fyrir smæð markaðarins er gríðarleg

„Lestur á rafrænum gögnum mun samt aukast. Oddi býr yfir gríðarlegu gagnasafni sem er ekki aðeins gefið út á pappír heldur einnig sem margmiðlunarefni á diskum eða á Netinu. Þorgeir segir að Oddi hafi ævinlega lagt mikla áherslu á að viðskiptavinurinn fái þá þjónustu sem hann biður um svo að hann þurfi ekki að leita annað. Þorgeir segir að aukin upplýsingatækni muni breyta tiltekinni tegund verkefna enda sé fljótlegra og þægilegra að uppfæra efni á rafrænu formi en pappír. Mikil vaxning sé í þá átt að draga úr pappírnotkun þar sem því verði við komið, s.s. reikningsyfirlit og eyðublöð af ýmsu tagi og slíkt sé nú gefið út á Netinu í vaxandi mæli og unnt að skoða á skjánum. „Það gæti því mikils samdráttur í þess konar pappírnotkun,” segir Þorgeir „en á móti kemur margföld notkun ljósritunarpappírs heima fyrir og ljósritunar og útprentunar á ýmsu efni en sala á pappír er mikilvægur þáttur í rekstri Odda. Auk þess er verslunarreksturinn stór þáttur og fer sífellt vaxandi. Viðskiptavinir Odda kunna að meta þá þjónustu og þykir hentugt að hafa bæði prentverkið og annað til skrifstofuhalds á sama stað. Þetta tvennt fer mjög vel saman.”

Aukin sérhæfing í prentsmiðjum krefst meiri menntunar

Þorgeir segir að Oddi hafi ávallt haft á að skipa áhugasömu og hæfu starfsfólki og hafi jafnan haft aðgang að vel menntuðu fólki en fyrirtækið hefur þurft að þjálfa sitt fólk til sérhæfðra starfa í framleiðslunni. Nú sé spurning hvort í framtíðinni verði það prentarar eða tölvumenn sem vinna verkin. Á fáeinum árum hafa orðið feiknarleg umskipti á forvinnslu fyrir prentun. Hún

felst aðallega í tölvuvinnslu og fyrirtækin hafa reynt að þjálfa sitt fólk. „Við þurfum að sinna þjálfun starfsfólks okkar vel. Ég fæ ekki séð að Iðnskólinn eða Prenttækni- stofnun muni geta annast það að öllu leyti,” segir Þorgeir. „Slíka þjálfun verða menn að sækja til útlanda og frumkvæðið hjá þeim stofnunum er ekki það mikið að þær geti búið fólk undir það sem koma skal.

Ég sé ekki annað en að við þurfum að halda áfram að þjálfa okkar fólk sjálfir, meira eða minna, ýmist hér á landi eða erlendis. Hefðbundin menntun í greininni verður ekki fullnægjandi þegar fram líða stundir. Nú þegar eru gerðar meiri kröfur en var um sérhæfða og viðtæka menntun og í framtíðinni verður meira um háskóla- menntað fólk í greininni. Bæði í prentun og bókbandi eru nú notaðar vélasamstæður sem krefjast mun meiri tækni- og tölvukunnáttu en áður,” segir Þorgeir.

Rík áhersla á umhverfismál

Oddi leggur mikla áherslu á umhverfisþátt í starfsemi sinni, bæði varðandi innkaup á hráefni og vinnslu hér heima og Þorgeir segir Odda axla mikla ábyrgð í þessum málaflokk. „Við höfum markað umhverfisstefnu en aðalmarkmið hennar er að skila umhverfinu til afkomenda okkar í betra ástandi en við tókum við því. Stefna prentsmiðjunnar er í stuttu máli sú að takmarka skaðlegan úrgang frá allri starfsemiinni við algert lágmark með því að kaupa aðeins hráefni sem unnin eru úr náttúrulegum efnum af ýmsu tagi,” segir Þorgeir að lokum.

Samtök iðnaðarins árna Prentsmiðjunnar Odda allra heilla í tilefni sextugsafmælisins.

Þóra Kristín Jónsdóttir

samkeppni við erlendar prentsmiðjur. „Við keppum við sérútbúnar kiljuverksmiðjur og jafnframt í annarri bókagerð. Sú samkeppni er komin til að vera og mun aukast í framtíðinni með auðveldari rafrænum samskiptum um allan heim. Við höfum að sjálfsögðu orðið að laga okkur að þeirri samkeppni. Hún heldur okkur við efnið en aðalatriðið er að geta keppt á jafnræðisgrundvelli. Offjórðingin í greininni yfir okkur til útlanda og stækkar markaðinn og það er gott að vera ekki alfarið háður því sem hér er að gerast.

Bókin og upplýsingatæknin styðja hvor aðra

Þorgeir hefur mikla trú á að fólk haldi áfram að lesa bækur og óttast ekki samkeppni við tölvuskjáinn.



Gæðastjórnun tekin alvarlega í dönskum lagnaiðnaði

Um það bil 300 pípulagnafyrirtæki hafa fengið lokafrest frá Danmarks Gasmateriel Prøvning – DGP. Fresturinn varðar þau fyrirtæki sem ennþá hafa hvorki fengið viðurkenningu á gæðastjórnunarkerfi sínu né óskað úttektar sem fyrirtæki starfandi í vatns- og frárennslisgreinum.

Krafan um gæðastjórnunarkerfi innan pípulagnagreinarinnar tók gildi um síðustu áramót en sama krafa á fyrirtæki, sem vinna við gaslagnir, tók gildi á síðasta ári.

Í vor varaði DGP um 1.000 fyrirtæki við því að ef hlutunum yrði ekki komið í lag væri faggildingin í húfi. Flest þeirra tóku viðvörðunina alvarlega og luku við að fá gæðastjórnunarkerfi sín viðurkennd.

Fyrirsjáanlegt að fjölda fyrirtækja verður lokað

Ennþá eru um 300 fyrirtæki sérhæfð í vatnslögnum og um 500 fyrirtæki sérhæfð í frárennslislögnum sem hafa ekki sent inn gögn til kynningar og samþykktar. DGP hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að um næstu mánaðamót muni þau fyrirtæki, sem hafa ekki komið málum sínum í lag, missa faggildingu sína. Tæknilegur framkvæmdastjóri DGP, Nils Lygaard, telur líklegt að meginhluta þessara 300 pípulagnafyrirtækja verði lokað. „Mig grunar,“ segir

hann „að eigendur þessara fyrirtækja hafi ákveðið fyrir löngu að loka fyrirtækjum sínum og hafi þess vegna ekki gert neitt í sínum gæðastjórnunar- og viðurkenningar-málum.“ Meðal þeirra eru fyrirtæki sem vinna á sviðum þar sem ekki er krafist faggildingar og ætla sér ekki að innleiða gæðastjórnunarkerfi. Fyrirtæki, sem ekki hafa viðurkenningu en halda áfram starfsemi eins og ekkert hafi í skorist, munu þurfa að taka afleiðingunum.

Fyrirtækjum gert skylt að sýna strax fram á að þau hafi gæðastjórnunarkerfi

Nils Lygaard bendir á að auglýsingum í núverandi símaskrá sé ekki hægt að breyta fyrr en með nýrri útgáfu en merkingar á bílum, auglýsingar og bréfsefni skulu nú þegar gefa viðskiptavininum til kynna hvort viðkomandi fyrirtæki er með viðurkennt gæðastjórnunarkerfi. Nils Lygaard leggur þó áherslu á að DGP hafi ekki tók á að kanna aðstæður hjá öllum fyrirtækjum á eigin spýtur en væntir þess að fá skriflegar ábendingar um fyrirtæki sem gefa til kynna að þau séu með viðurkennt gæðastjórnunarkerfi án þess að svo sé. „Ef DGP berast ábendingar um slíkt veitum við umræddu fyrirtæki tital í fyrstu umferð en verði engin breyting á gerð verður kært til lögreglu.“

Nils Lygaard segir að DGP haldi skrá yfir öll viðurkennd fyrirtæki í gagnagrunni sínum sem er aðgengilegur fyrir þá sem eiga hagsmuna að gæta. Á hverjum tíma verður því hægt að fylgjast með hvaða fyrirtæki hafa öðlast tilskilda viðurkenningu.

Ferdinand Hansen þýddi úr Dansk VVS tölubl. 11 2003. Höfundur greinar er Annemarie Malle.

Jólasveina-skeiðin 2003

Ketkrókur Dagbjartar Andrésdóttur, nemandi í sjöunda bekk Klébergs-skóla, bar að þessu sinni sigur úr bítum í árlegri samkeppni Silfursmiðjunnar Ernu um jólasveinaskeiðina.



Þetta er í níunda skipti sem 11 – 12 ára grunnskólanemendur í Reykjavík taka þátt í keppninni sem er samstarfsverkefni Gull- og silfursmiðjunnar Ernu hf., Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Félags íslenskra myndlistarkennara.

Um 260 hugmyndir bárust í keppnina sem hefur verið haldin frá 1995 og hefur það að markmiði að virkja sköpunargáfu grunnskólabarna til að búa til fallegar og frumlegar skeiðar sem hægt er að safna. Á næsta ári verður keppt um bestu hugmyndina að Kertasníki en hann verður síðasti jólasveinninn sem hlýtur sinn sess á jólasveinaskeiðinni. Skeiðin er smíðuð úr gegnheilu silfri hjá Silfursmiðjunni Ernu og þar eru allar eldri skeiðar enn fánlegar.

Málningarfyrirtæki fá viðurkenningu frá Vinnueftirlitinu

HörpuSjöfn

málning

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Vinnueftirlitið hélt ársfund sinn í síðustu viku. Við það tækifæri var fyrirtækjunum HörpuSjöfn hf., Málningu ehf. og Slippfélaginu í Reykjavík hf. veitt viðurkenning stofnunarinnar fyrir útgáfu öryggisleiðbeininga með varasömum efnum sem fyrirtækin framleiða.

Leiðbeiningarnar stuðla að auknu öryggi á vinnustöðum en evrópska vinnuverndar-

vikan stóð einmitt yfir í síðustu viku og var þema hennar „Varasöm efni á vinnustöðum.“ Árni Magnússon, félagsmálaráðherra afhenti viðurkenningarnar sem eru til marks um það að íslenskir málningarframleiðendur standa vel að öryggismálum.

Samtök iðnaðarins óska fyrirtækjunum til hamingju með viðurkenninguna.

Mikilvægur árangur í VSK málinu

Á aðalfundi Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) sem haldinn var sl. föstudag sagði Ingvar Kristinsson formaður að mikilvægur árangur hefði náðst í svokölluðu VSK-máli sem fjallar um mismunun sem felst í framkvæmd virðisaukaskattsreglna og samkeppni frá óskattskyldum aðilum við virðisaukaskattskyld atvinnufyrirtæki. Þetta hefur verið baráttumál íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja á annan áratug.



Með ákvarðandi bréfi Ríkisskattstjóra frá maí á þessu ári er tekið á afmörkun á sérfræðipjónustu og sett er fram skilgreining á því hvenær samkeppni telst vera fyrir hendi.

Í ákvörðun Ríkisskattstjóra er rekstrarþjónusta tölvukerfa hins vegar undanskilin frá samkeppni sem telja má óskiljanlega ákvörðun. Ingvar sagði að fast yrði gengið á eftir því af hálfu samtakanna að þeirri ákvörðun verði breytt.

Rekstrarþjónusta bankanna verði virðisaukaskattskyld

Ingvar benti á að samkvæmt ákvörðun Ríkisskattstjóra væri rekstur stórtölva talinn vera í samkeppni. Þar með kæmist Reiknistofa bankanna ekki hjá því að skila virðisaukaskatti af þjónustu sinni við bankana. Nú ætti eftir að koma í ljós hvernig skattstjórar fylgjast með skattskilum þeirra aðila og hvort þeir beita sér í innheimtu hjá þeim eins og almennt tíðkaðist.

Ingvar sagði að ýmis verk biðu nýrrar stjórnar og sem dæmi nefndi hann þá óþolandi kröfu opinberra aðila að krefjast eignarhalds á hugverkum hugbúnaðarfyrirtækja í útboðum. Þessu yrði að breyta.

Bankar fjárfesti fyrir 10% af hagnaði sínum í sprotafyrirtækjum

Ingvar sagði athyglisvert að fylgjast með umræðu um gríðarlegan vöxt þóknunartekna bankanna sem fulltrúi bankanna segði að væri m.a. vegna mikils kostnaðar við aðkeypta þjónustu við tölvukerfi. Gangi áætlanir bankanna eftir munu þeir skila 25 milljarða króna hagnaði á þessu ári. Fyrst hagnaður þeirra af fjárfestingum sínum væri svo mikill hlytu hugbúnaðarfyrirtækin að spyrja hvort nú væri ekki einmitt tæki-

færi fyrir þá að fjárfesta í áhugaverðum sprotafyrirtækjum hér á landi, m.a. í upplýsingatækni, frekar en horfa aðeins til útlanda.

Bankarnir fjárfesti í spennandi verkefnum

Ingvar sagði að það væri hugbúnaðarfyrirtækjum mikið umhugsunarefni að hlutabréfasjóðum hefði fækkað mjög og þeir, sem eftir stæðu, hefðu vart þor til nýrra fjárfestingarverkefna. Hann sagði bankana hafa sögað til sín fjármagn á sama tíma og þeir boðuðu aukna fjárfestingu erlendis. Ef svo færi væri styttra í að Ísland yrði Þórshöfn Evrópu en margur héldi. Hann hvatti bankana til að velja þessu fyrir sér og hvort nú væri ekki rétti tíminn til að fjárfesta í spennandi þróunarverkefnum hér á landi þótt ekki væri nema fyrir 10% af hagnaði sínum.

Forskotinu má ekki glata

Ingvar sagðist bjartsýnn á íslenskan upplýsingatækniðnað. Þótt hagnaður hefði

látið á sér standa undanfarin ár væri margt sem benti til þess að það væri að breytast. Tekjur á hvern starfsmann hefðu tekið stór stökk undanfarin tvö ár og færu væntanlega yfir 10 milljónir króna á þessu ári. Hann varaði við því að hinni nýju tækni væru settir þröskuldar með löggjöf á ýmsum sviðum. Það væri t.d. erfitt að skilja að Íslendingar skuli ekki vera meðal fyrstu þjóða til að taka upp rafrænar kosningar til þings og sveitarstjórnar. Sóknarfæri íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja erlendis felist í íslenska örfélaginu. Þeim hefði tekist að hagnýta framsækni Íslendinga þess að skapa lausnir fyrir og hraðar en aðrir og nýtt til markaðssetningar hugbúnaðarlausna erlendis. Þessu forskoti má ekki glata að mati Ingvars. Þetta yrðu íslensk stjórnvöld og embættismenn og íslenskur fjármáلامarkaður að skilja. Mikil tækifæri væru til staðar og þau yrði að nýta.

SÍH verður SUT

Á aðalfundinum var samþykkt að breyta nafni samtakanna í Samtök íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja (SUT). Samtökin munu starfa áfram innan Samtaka iðnaðarins sem starfsgreinahópur í upplýsingatækni með það að markmiði að vinna að hagsmunamálum íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja.

Einnig var samþykkt að breyta skipulagi stjórnar með þeim hætti að nú eru kosnir formaður og sex meðstjórnendur en áður voru kosnir, auk formanns, fjórir meðstjórnendur og tveir varamenn. Á aðalfundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn SUT: Ingvar Kristinsson, Landsteinum Streng, formaður. Meðstjórnendur til tveggja ára: Páll Freysteinnsson Hug, Ágúst Guðmundsson Tölvumiðlun og Guðni B. Guðnason ANZA. Meðstjórnendur til eins árs voru kjörnir: Guðmar Guðmundsson TölvuMyndum, Davíð Stefánsson Vef - samskiptalausnum og Ólafur Daðason Hugviti.

Guðmundur Ásmundsson

Skaginn þróar og selur vinnslubúnað til Færeyja

Skaginn hf. á Akranesi gerði nýlega samning við færeyska fiskvinnslufyrirtækið Faroe Real Estate í Færeyjum um smíði viðamikils og fullkomins búnaðar til vinnslu uppsjávarfiska sem afhentur verður í upphafi næsta árs. Samningsfjárhæðin er nær þrjú hundruð milljónir íslenskra króna og af því sést að hér er um mikið verkefni að ræða fyrir þá Skagamenn.

Með þessum búnaði er kynnt til sögunnar ný tækni sem tæknimenn Skagans hafa þróað og felst í því að blástursfrystingu og plötufrystingu er blandað saman. Hinn nýi búnaður verður tengdur við vigtunarkerfið sem nú er notað í verksmiðjunni og skilar þannig frá sér afurðum í 20 kg. skömmtum. Þeir fara í sérstaka bakka

sem afurðirnar eru frystar í. Sjálfvirkur búnaður flytur bakkana síðan á álhullur sem staflað er saman 20 í hæðina. Lofti er blásið gegnum hillurnar en afurðirnar fá snertingu við ál frá báðum hliðum. Með þessu móti styttest sá tími sem fer í sjálfa frystinguna miðað við hefðbundna blástursfrystingu. Stæðurnar fara síðan á brautum gegnum frystinn og tekur tæpar 12 klukkustundir að frysta afurðirnar með þessum hætti. Að því búnu tekur sjálfvirkur búnaður bakkana af álhullunum, slær frysta blökkina úr og flytur að þökkunarbúnaði í verksmiðjuna. Síðan eru bakkarnir og álhullurnar fluttar til baka og ný hringrás getur hafist. Allt byggist þetta ferli á mikilli sjálfvirkni sem leiðir til stytts frystitíma og bættrar nýtingar og gæða.

Umræddur samingur gerir ráð fyrir að

Skaginn leggi fram ábyrgðir vegna þessara viðskipta. Annars vegar er um að ræða ábyrgð á fyrirframgreiðslu sem færeyska fyrirtækið innti af hendi en hins vegar verklokaábyrgð sem þarf að vera virk í eitt ár eftir að búnaðurinn hefur verið afhentur. Viðskiptabanki Skagans – Landsbankinn á Akranesi – gaf ábyrgðirnar út en Tryggingardeild útflutnings veitti bankanum bakábyrgðir. Eins og kunnugt er beittu Samtök iðnaðarins sér einmitt mjög fyrir að fyrirtæki í útflutningi og viðskiptabankar þeirra fengju slíka þjónustu frá Tryggingardeild útflutnings. Þessi samningur er gott dæmi um nauðsyn slíkrar þjónustu enda geta ábyrgðir beinlínis ráðið úrslitum fyrir íslensk fyrirtæki sem stunda útflutning á vörum og þjónustu.

Ingólfur Sverrisson

Nýjar og spennandi hugmyndir við stórar verklegar framkvæmdir í Kaupmannahöfn

Fjórtán félagsmenn í Meistarafélagi byggingamanna á Norðurlandi tóku sig saman og nýttu sér beina flugið milli Akureyrar og Kaupmannahafnar og skruppu þangað í helgarferð með sínum betri helmingi. Ferðin var að mestu hugsuð sem skemmtiferð en jafnframt ákveðið að nýta föstudaginn til að skoða áhugaverðar byggingar og til umræða um fagleg málefni.

Dansk Byggeri skipulagði heimsókn ferðalanganna í nýbyggingu Danmarks Radio við Ørestads Boulevard í Kaupmannahöfn. Áður en haldið var út á byggingarsvæðið kynnti Knud Erik Busk, verkefnisstjóri, verkefnið á afar skemmtilegan hátt með því að sýna myndum af fyrirhuguðum byggingum og fyrirlestri um markmiðs- setningu byggingarinnar og

hvernig staðið var að öllu t.d. varðandi hönnun, útboð og val verktaka.

Fjórar byggingar hýsa alla starfsemi Danmarks Radio

Byggingin er í allt um 130.000 m² og á að rúma alla starfsemi DR þegar hún verður fullbúinn árið 2006. Henni er skipt í fjórar blokkir sem tengjast með yfirbyggðri götu. Til að tryggja fjölbreytni við útfærslu voru valdir fjórir arkitektar til að vinna verkið og sér hver þeirra um sína blokk. Í fyrirlestri Knuds Eriks komu fram mörg áhugaverð atriði sem a.m.k. þættu nýstárleg í byggingariðnaði hér á landi, ekki síst það að eitt af markmiðunum, sem sett var í upphafi, var að verktakinn ætti að hafa a.m.k. 10 - 15% hagnað af framkvæmdinni.

Á byggingarsvæðinu voru byggðar skrifstofur fyrir alla sem vinna við bygginguna. Þar vinna allir hönnuðir hennar, byggingarstjórn og eftirlitsmenn verkkaupa og verktakar í náinni samvinnu við að ná settu marki. Þá var settur upp veitingasalur fyrir

alla sem að verkinu koma, verkamenn, iðnaðarmenn, hönnuði og tæknilið.

Verktakar fá greiddan bónus af ýmsu tilefni

Hluti af stefnunni, sem unnið er eftir, er að verktakar fá greiddan bónus sé framkvæmdin á undan áætlun. Beiti verktaki aðferð, sem lækkar byggingarkostnað, nýtur hann góðs af því þar sem hagnaðurinn skiptist milli verktaka og verkkaupa. Einnig er greiddur sérstakur bónus takist að komast hjá vinnuslysum. Allir sem koma nýir til vinnu á byggingarsvæðinu fá tveggja tíma námskeið í öryggisreglum svæðisins áður en þeir taka til starfa. Markmiðið er að koma alfarið í veg fyrir vinnuslys og nú, þegar rúmt ár er liðið frá því verkið hófst, hefur aðeins orðið eitt minniháttar vinnuslys á svæðinu.

Öryggisstjóri svæðisins, Svend Erik Due, leiddi hópinn síðan um byggingarsvæðið og benti á ýmsar nýjungar í vinnuaðferðum og sýndi okkur svæði þar sem verið er að prófa byggingarefni og vinnuaðferðir.

Ásgeir Magnússon



Nýjar reglugerðir um meðhöndlun, urðun og brennslu úrgangs

Umhverfissráðuneytið hefur sent frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu:

Siv Friðleifsdóttir, umhverfissráðherra hefur gefið út þrjár reglugerðir á sviði úrgangsmála sem taka þegar gildi.

Um er að ræða:


reglugerð um meðhöndlun úrgangs,
nr. 737/2003,

reglugerð um urðun úrgangs,
nr. 738/2003 og

reglugerð um brennslu úrgangs,
nr. 739/2003.

Reglugerðirnar eru settar á grundvelli nýrra laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Markmið laganna um meðhöndlun úrgangs er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og að dregið verði með skipulegum hætti úr myndun úrgangs eftir því sem unnt er og þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu. Þetta er fyrsta almenna löggjöfin um úrgangsmál hér á landi. Lögin taka m.a. mið af þeim skuldbindingum sem fylgja þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu og má þar nefna grunntilskipun um úrgang frá 1975, tilskipun um urðun úrgangs og tilskipun um sorpbrennslu.

Á undanförunum árum hefur margt áunnist í úrgangsmálum hér á landi. Áhersla hefur verið lögð á að auka endurnýtingu úrgangs með því að bæta nýtingu úrgangsefna og að beita hagrænum hvötum til að minnka það magn sem nú fer til förgunar. Magn úrgangs hefur þó farið vaxandi á undanförunum árum og áratugum og er því mikilvægt að setja reglur sem leiða til ábyrgar meðhöndlunar á úrgangi.



Í reglugerð um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um landsáætlun um meðhöndlun úrgangs annars vegar unna af Umhverfisstofnun og áætlanir sveitarfélagana hins vegar sem hafa skulu það að markmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu.

Sérstaklega skal gera grein fyrir leiðum til að draga úr magni þess lífræna heimilisúrgangs sem berst til urðunarstaða. Einnig skal gera grein fyrir leiðum til að minnka annan lífrænan úrgang. Fjalla skal um leiðir til að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og hvernig umbúðir eru endurnotaðar. Ennfremur ber að gera grein fyrir endurnotkun og endurnýtingu úr sér genginna ökutækja sem og söfnun og meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúr-gangi.

Gert er ráð fyrir að fyrsta landsáætlun komi út eigi síðar en 1. apríl 2004. Í reglugerðinni eru meginreglur um meðhöndlun úrgangs sem gilda jafnt fyrir einstaklinga, lögaðila og aðila sem meðhöndla úrgang í atvinnuskyni. Kveðið er á um að tæknilegar lausnir í úrgangsmálum skuli taka mið af þeirri forgangsröðun að í fyrsta lagi verði dregið úr myndun úrgangs, í öðru lagi komi endurnotkun, í þriðja lagi endurnýting og loks í fjórða lagi endanleg förgun úrgangs. Loks ber að vekja athygli á því nýmæli í reglugerðinni að sérstaklega

er kveðið á um meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.

Reglugerð um urðun úrgangs gildir um urðun úrgangs og skilyrði fyrir móttöku hans til urðunar. Ákvæði um starfsleyfi, móttöku úrgangs til urðunar, vöktun og lokun urðunarstaðar eru mun ítarlegri en verið hefur. Jafnframt er í reglugerðinni kveðið á um að rekstraraðili urðunarstaðar skuli leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem fylgja starfsleyfinu, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðar og skal hún gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Starfandi urðunarstaðir skulu uppfylla kröfur reglugerðarinnar eigi síðar en 16. júlí 2009 en loka ella.

Reglugerð um brennslu úrgangs gildir um brennslu- og sambrennslustöðvar. Ákvæði reglugerðarinnar hafa einungis í för með sér breytingu vegna nýrra sorpbrennslustöðva. Í reglugerðinni er kveðið á um að tryggja skuli að varmaorkan, sem myndast við brennsluferlið, sé endurheimt eftir því sem við verður komið, t.d. til varma- og raforkuvinnslu, gufuframleiðslu eða fjarhitunar.

Sveitarfélögunum er heimilt að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt reglugerðunum en skylt er að innheimta þann kostnað sem urðun úrgangs hefur í för með sér.

Nánari upplýsingar veita Sigurbjörg Sæmundsdóttir og Sigrún Ágústsdóttir í síma 545 8600.

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!

Tískudagar iðnaðarins



*Svip-
mynd-
ir*



úr

*Perl-
unni*



Bakaranemi hlýtur gullverðlaun í alþjóðlegri keppni

Árleg Evrópukeppni nemenda var haldin í Kaupmannahöfn dagana 15. – 19. októberi í hótél- og ferðagreinum á vegum Evrópusamtaka hótél- og ferðamálastólans. Hótél- og matvælastólinn í MK sendi tvo nemendur til keppni eins og undanfarin ár, bakaranema sem keppti í eftirréttagerð og ferðamálanema sem keppti í ferðamálafræðum. Alls voru þátttakendur um 600 talsins.

Það er skemmst frá því að segja að Björgvin Richter, bakaranemi, kom, sá og sigraði. Verkefni hans var að búa til eftirrétt fyrir 10 manns og vann hann til gullverðlauna fyrir besta eftirréttinn í keppni



inni. Eftirréttur hans, sem bar nafnið Mount Chocolate (súkkulaðitindur), hlaut sérlega háa stigagjöf fyrir bragð auk þess sem fagleg vinnubrögð hans vöktu athygli dómara. Þess má geta að þetta er í þriðja sinn á sex árum sem bakaranemi frá Hótél- og mat-

vælskólanum vinnur gullverðlaun í þessari grein auk þess sem ferðamálanemi frá skólanum hefur einu sinni unnið til silfurverðlauna og er frammistaða íslensku nemendanna er farin að vekja athygli og undrun skólastjóra og kennara frá öðrum skólum. Björgvin Richter er á þriðja ári í námi sínu í bakaraiðn. Hann lagði á sig mikla vinnu við undirbúning fyrir keppnina undir leiðsögn Ingólfs Sigurðssonar, kennara í bakaradeild Hótél- og matvælastólans. Björgvin er á námssamningi í Kökubankanum í Garðabæ. Samtök iðnaðarins óska Björgvin, skólanum og Kökubankanum til hamingju með þennan glæsilega árangur.

Ragnheiður Héðinsdóttir